

Starfsgetumat

Ferill starfsendurhæfingar og mats á möguleikum og starfsgetu einstaklinga

Innihald:

1	INNGANGUR	3
2	ALMENNT UM STARFSGETUMAT	5
3	HELSTU ÞÆTTIR STARFSGETUMATS	6
3.1	GRUNNMAT	6
3.2	SÉRHÆFT MAT.....	7
3.3	ENDURMAT	8
4	GRUNNMAT	9
4.1	VERKFÆRI Í GRUNNMATI OG NOTKUN ÞEIRRA	9
4.1.1	Grunnupplýsingar	9
4.1.2	Heilsufarsleg Skimun	9
4.1.3	Samtalsrammi, mat og leiðir í grunnmati	10
4.1.4	Mat á möguleikum	11
4.1.5	Áætlun um endurkomu til vinnu	11
4.2	NÍÐURSTAÐA GRUNNMATS	11
5	SÉRHÆFT MAT	12
5.1	HVENÆR ÞARF SÉRHÆFT MAT AÐ EIGA SÉR STAÐ?	12
5.2	HVER FRAMKVÆMIR SÉRHÆFT MAT?	12
5.3	INNIHALD SÉRHÆFÐS MATS.....	13
5.4	NÍÐURSTÖÐUR OG SKIL Á SÉRHÆFÐU MATI.....	13
5.5	SKILAFUNDUR UM SÉRHÆFT MAT	14
5.6	FRAMKVÆMD SÉRHÆFÐS MATS	14
5.6.1	ICF þættir í sérhæfðu mati.....	14
5.6.2	Skýrivísar og notkun þeirra í sérhæfðu mati	16
6	ENDURMAT.....	17
7	VIÐAUKI 1: GRUNNUPPLÝSINGAR	18
8	VIÐAUKI 2: HEILSUFARSLEG SKIMUN	21
9	VIÐAUKI 3: MAT Á MÖGULEIKUM.....	25
10	VIÐAUKI 4: SAMTAL OG GREINING Á MIKILVÆGUM ÞÁTTUM.....	26
11	VIÐAUKI 5: VIRKNIÁÆTLUN.....	38
12	VIÐAUKI 6: NÍÐURSTÖÐUR GRUNNMATS – GREINARGERÐ RÁÐGJAFI	39
13	VIÐAUKI 7: ICF ÞÆTTIR Í SÉRHÆFÐU MATI	43
14	VIÐAUKI 8: MAT Á ICF ÞÁTTUM	46

15	VIÐAUKI 9: SKÝRIVÍSAR Í SÉRHÆFÐU MATI	48
16	VIÐAUKI 10: SKÝRSLUFORM LÆKNA Í SÉRHÆFÐU MATI	49
17	VIÐAUKI 11: SKÝRSLUFORM FÉLAGSRÁÐGJAFI Í SÉRHÆFÐU MATI	52
18	VIÐAUKI 12: SKÝRSLUFORM IÐJUPJÁLFA Í SÉRHÆFÐU MATI	54
19	VIÐAUKI 13: SKÝRSLUFORM SÁLFRÆÐINGA Í SÉRHÆFÐU MATI	56
20	VIÐAUKI 14: SKÝRSLUFORM SJÚKRAÞJÁLFA Í SÉRHÆFÐU MATI	58
21	VIÐAUKI 15: GREINARGERÐ MATSSTJÓRA Í SÉRHÆFÐU MATI	60
22	VIÐAUKI 16 : DÆMI UM FERIL Í SÉRHÆFÐU MATI HJÁ VIRK	62
23	VIÐAUKI 17: ÞÁTTTAKENDUR Í ÞRÓUNARSTARFI	64

1 Inngangur

Sú lýsing á starfsgetumati sem hér er lögð fram byggir þeirri vinnu sem unnin var af sérstökum faghópi fyrir nefnd um endurskoðun örorkumats á árinu 2009. Niðurstaða þeirrar vinnu var sett fram í skýrslu „*Drög að starfsgetumati – skýrsla faghóps um aðferðir við mat á starfshæfni*“.

Forsaga þessarar vinnu er sú að nefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar var skipuð í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005 þar sem lýst var yfir vilja til samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um leiðir til að draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Nefndinni var falið að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til mats á örorku í almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðakerfinu þar sem fyrst og fremst skyldi horft til getu einstaklinga til að afla sér tekna.

Nefndinni var einnig falið að gera tillögur um leiðir til að efla starfsendurhæfingu og þannig aðstoða einstaklinga sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fótað sig á vinnumarkaði vegna skertrar starfshæfni. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í skýrslu dagsettri þann 5. mars 2007. Í kjölfar þess var fulltrúum ráðuneyta í nefndinni falið að fylgja tillögunum eftir í samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtök lífeyrissjóða og aðila vinnumarkaðarins. Síðar í ferlinu var ráðgjafafyrirtækið InDevelop Íslandi ehf. fengið til aðstoðar við að vinna úr tillögum nefndarinnar.

Faghópur var kallaður saman til að aðstoða ráðgjafa við að útfæra leiðir til að meta starfshæfni. Við val á fulltrúum í faghópinn var fyrst og fremst horft til faglegrar þekkingar þeirra og reynslu. Einnig þótti nauðsynlegt að þeir kæmu frá stofnunum eða sviðum samfélagsins er málið varðar sérstaklega. Fulltrúar í faghópnum voru:

- Ása Dóra Konráðsdóttir, sjúkráþjálfari, sérfræðingur hjá Starfsendurhæfingarsjóði
- Geirlaug G. Björnsdóttir, þroskaþjálfari, framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Norðurlands
- Guðrún Hannesdóttir, félagsfræðingur, fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands
- Gunnar K. Guðmundsson, endurhæfingarlæknir, yfirlæknir atvinnulegrar endurhæfingar á Reykjalundi
- Hrafnhildur Tómasdóttir, náms- og starfsráðgjafi, deildarstjóri ráðgjafadeildar Vinnumálastofnunar
- Margrét Jónsdóttir, félagsráðgjafi, deildarstjóri lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins
- Sigurður Thorlacius, dósent í tryggingalæknisfræði við Háskóla Íslands og fyrrum tryggingayfirlæknir
- Soffía Gísladóttir, uppeldis- og kennslufræðingur, verkefnastjóri hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Vinna hópsins að settu markmiði fól í sér fjölpætt verkefni. Hópurinn kynnti sér ítarlega ýmsar matsaðferðir og forsendur þeirra og var í því sambandi m.a. leitað til Norðurlandanna þar sem miklar breytingar á örorkulífeyriskerfum landanna hafa átt sér stað hin síðari ár. Einnig kynnti hópurinn sér vinnu fagaðila og stofnana hér á landi til að sjá hvernig nýta mætti þá þekkingu og færni sem þegar er fyrir hendi. Unnið var með skilgreiningar hugtaka, ferli starfsgetumats afmarkað og einstakir þættir þess úfærðir. Fjölmarginir aðrir sérfræðingar voru einnig kallaðir til og miðluðu þeir af þekkingu sinni og reynslu inn í þessa vinnu. Niðurstaða vinnuhópsins var síðan sett fram í ofangreindri skýrslu „*Drög að starfsgetumati – skýrsla faghóps um aðferðir við mat á starfshæfni*“ og var henni skilað til nefndarinnar og ráðuneytisins í september 2009.

Frá árinu 2009 hafa þær matsaðferðir og þau verkfæri sem lýst er í skýrslunni verið notuð og þróuð áfram bæði hjá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði svo og hjá öðrum endurhæfingaraðilum og sérfræðingum í starfsendurhæfingu. Sú þróun hefur kallað á ýmsar breytingar og aðlaganir eins og

eðlilegt er og mun svo verða áfram á meðan matið er í notkun. Það er mikilvægt að hafa það í huga að mat eins og það sem hér er sett fram er þess eðlis að það þarf sífellt að vera að aðlaga það og breyta í takt við reynsluna á hverjum tíma.

Mesta þróunin hefur hins vegar átt sér stað í sérhæfða matinu en í skýrslu faghópsins frá 2009 var einungis að finna lýsingu á meginþáttum og hugmyndafræði þess mats en eftir var að útfæra flesta þætti þess. Á undanförunum tveimur árum hefur hins vegar verið unnið markvisst að þessari útfærslu og í dag eru til staðar mun betri lýsingar, verkfæri og vinnuferlar í sérhæfðu mati. Þessari þróunarvinnu er m.a. lýst í meistararitgerð Ásu Dóru Konráðsdóttur sem ber hetíð „Work Ability Assessment – Description and Evaluation of a New Tool in vocational rehabilitation and disability assessment“. Þessi þróun mun síðan halda áfram á komandi árum í samvinnu fjöldamargra sérfræðinga bæði héraðs og erlendis. Sem dæmi um þetta má nefna að endurhæfingarstofnanir og NAV í Noregi hafa sýnt mikinn áhuga á að taka þátt í þessari þróun og nýta að einhverju leiti þær aðferðir sem hér eru settar fram og er nú þegar hafin undirbúningur að þessari samvinnu.

Þróunarvinna sem þessi kallar á aðkomu fjöldamargra aðila með mismunandi þekkingu og reynslu. Í aftasta viðauka þessarar skýrslu er að finna lista yfir nöfn þeirra aðila sem hafa komið að þessari þróunarvinnu á margvíslegan máta.

2 Almennt um starfsgetumat

Starfsgetumat er heildrænt mat sem metur færni einstaklingsins út frá líkamlegum, andlegum og félagslegum forsendum til að taka virkan þátt í samfélaginu. Það metur styrkleika og hindranir einstaklingsins m.t.t. atvinnuþátttöku og getu hans til að afla sér tekna. Lögð er áhersla á að virkja einstaklinginn, bjóða honum fljótt einstaklingsmiðaða endurhæfingu og fjarlægja vinnuleitjandi farartálma. Litið er á starfsgetumat sem eitt órofa ferli mats annars vegar og virkniaukandi aðgerða og/eða starfsendurhæfingar og meðferðar hins vegar.

ICF (Alþjóðlega flokkunarkerfið um færni, fötlun og heilsu) er nýtt sem hugmyndafræðilegur rammi utan um starfsgetumatið. Það gefur möguleika á stöðluðu samræmdu tungutaki yfir heilsu og heilsutengt ástand þar sem horft er á ástand einstaklings út frá heilsu og færni. Færni einstaklingsins í því samfélagi sem hann býr í er mæld án tillits til hvað olli skerðingunni. Starfsgetumatið skiptist í þrjá þætti:

- A. Grunnmat
- B. Sérhæft mat (endurhæfingarmat)
- C. Endurmat (mat á starfsgetu)

Í öllu ferlinu er mikilvægt að fylgja eftirfarandi reglum:

1. Lýsa þarf aðstæðum einstaklings út frá líkamlegri færni, andlegri færni og félagslegum aðstæðum.
2. Greina þarf alla möguleika til þróunar – t.d. út frá áhugamálum eða hæfni sem ekki hefur verið nýtt en er til staðar. Skoða þarf sérstaklega tengslin á milli hæfni og hindrana - eru þar möguleikar til þróunar?
3. Lýsa þarf og greina þá möguleika sem eru til staðar á vinnumarkaði fyrir viðkomandi einstakling.
4. Skráning þarf að eiga sér stað á öllu ferlinu þannig að unnt sé að rekja það. Skráningin þarf hins vegar að vera stöðluð eins og hægt er. Skráningin má ekki innihalda persónulegar skoðanir skráningaraðila heldur einungis faglega þætti sem og upplýsingar sem koma frá viðkomandi einstaklingi.
5. Greina þarf á milli lýsingar og mats. Fyrst á sér stað lýsing þar sem upplýsingum er safnað saman á skipulagðan hátt, síðan er lagt mat á stöðuna út frá formlegri lýsingu.
6. Einstaklingurinn þarf að taka þátt á virkan og skipulagðan hátt.
7. Líta þarf á heildarmyndina þegar aðstæður einstaklinga eru skoðaðar.
8. Fylgja þarf málum eftir á skipulagðan hátt.
9. Veita þarf stöðugan stuðning.

3 Helstu þættir starfsgetumats

Í þessum kafla er að finna samantekt yfir helstu þætti og verkfæri í starfsgetumati. Í köflum 4 - 6 hér á eftir er síðan að finna nánari lýsingu á hverjum þætti fyrir sig.

Starfsgetumat samanstendur af eftirfarandi meginþáttum og upplýsingum sem teknar eru saman af ráðgjöfum eða viðeigandi fagaðilum í starfsendurhæfingu:

3.1 Grunnmat

Grunnmat á sér stað þegar einstaklingur getur ekki lengur sinnt sínu starfi sökum skertrar starfshæfni sem má rekja til heilsubrests. Einstaklingur sem uppfyllir þá skilgreiningu sem sett er, á rétt á og hefur þörf fyrir þjónustu fer í gegnum grunnmat sem framkvæmt er af ráðgjafa eða viðeigandi fagaðila sem heldur utan um mál einstaklingsins á meðan á starfsendurhæfingu stendur. Hér eftir verður talað um þennan aðila sem ráðgjafa en hann getur í sjálfu sér haft annað starfsheiti hjá þeirri einingu sem hann starfar hjá.

Aðferðin byggir á ferli þar sem ráðgjafi- í samstarfi við einstaklinginn - dregur fram og skýrir hvaða færni viðkomandi hefur sem nýtist á vinnumarkaði. Þessi greining er forsenda þess að hægt sé að meta að hve miklu leyti einstaklingurinn hefur möguleika á að taka þátt á vinnumarkaði - eða hvort það sé mögulegt að hefja ferli til að bæta og þróa færni einstaklingsins með það að markmiði að hann geti að hluta eða öllu leiti séð fyrir sér með vinnu.

Grunnmat felur í sér markvissa upplýsingaöflun, ráðgjöf, utanumhald og hvatningu frá ráðgjafa. Í *Grunnmati* ber að leggja áherslu á hvatningu sem miðar að því að gera einstakling eins virkan í sínu umhverfi eins og hægt er.

Markmiðið með grunnmati er að efla heilsu og bæta félagslegar aðstæður þannig að einstaklingur eigi afturkvæmt á vinnumarkað. Í grunnmati skiptir huglægt mat einstaklings á færni sinni miklu máli sem og trú hans á eigin getu því þessi atriði gefa til kynna hvað viðkomandi mun treysta sér til að takast á við í framtíðinni.

Þeir þættir sem tilheyra grunnmati eru eftirfarandi:

1. Grunnupplýsingar
2. Heilsufarsleg skimun
3. Mat á möguleikum
4. Niðurstöður samtals og greiningar á eftirfarandi þáttum:
 - a) Viðhorf og tengsl við vinnumarkað
 - b) Að tileinka sér nýja færni og þekkingu
 - c) Áhugamál
 - d) Félagsleg færni – persónuleg hæfni
 - e) Félagslegar og fjárhagslegar aðstæður
 - f) Heilsufar
5. Sérstakar Töflur/spurningar eru innan hvers þáttar í liðum a-f) hér að framan og eru þær hugsaðar til að ná markvisst fram sjónarhorni einstaklingsins á stöðu sinni. Þeir þættir sem settir eru fram í Töflunum eru m.a. unnir út frá færniþáttum sem koma úr ICF kerfinu (International Classification of Function).

6. Niðurstöður grunnmats leiðir af sér markmið og leiðir í starfsendurhæfingu fyrir einstaklinginn og þar með áætlun um endurkomu til vinnu

Aðrir þættir/verkfæri í grunnmati sem fara þarf yfir eftir aðstæðum hvers og eins og eru útlistuð nánar í kafla 3 hér á eftir.

Nánari upplýsingar um grunnmat er að finna í kafla 4 hér á eftir og í Viðaukum 1 - 5 með þessari skýrslu er að finna eyðublað, spurningalista og skýrsluform til upplýsingaöflunar í grunnmati.

3.2 Sérhæft mat

Sérhæft mat á sér stað þegar sérfræðingar eru kallaðir til, til að meta nánar stöðu einstaklings og greina þörf hans á frekari starfsendurhæfingu. Áður en sérhæft mat getur hafist þurfa að liggja fyrir eftirfarandi upplýsingar úr grunnmati:

1. Grunnupplýsingar
2. Heilsufarslega skimun
3. Mat á möguleikum
4. Niðurstöður samtalsramma eða taflna/spurninga í líðum 4-6 í kafla 3.1 hér að framan

Aðrar upplýsingar s.s. niðurstöður úr öðrum verkfærum sem tilgreind eru í köflum 3.1 og 4.1.3 eftir aðstæðum hvers og eins.

Sérhæft mat felur í sér nánari greiningu og mat utanaðkomandi sérfræðinga á stöðu einstaklingsins. Í sérhæfðu mati eru möguleikar einstaklingsins á starfsendurhæfingu metnir á sértækari hátt en í grunnmatinu. Á grundvelli sérhæfðs mats er tekin ákvörðun um hvort, og þá hvernig, megi efla starfshæfni m.a. með atvinnutengdum úrræðum. Niðurstaða matsins segir til um möguleika á starfsendurhæfingu einstaklings og tillögur að úrræðum í samræmi við það.

Sérhæft mat er framkvæmt af einum eða fleiri sérfræðingum og byggir m.a. á upplýsingum úr grunnmati auk dýpra mats á tilgreindum þáttum ásamt klínísku mati viðkomandi sérfræðings.

Hver og einn sérfræðingur í sérhæfðu mati hittir viðkomandi einstakling og fer í gegnum eftirfarandi eyðublað, mat og upplýsingasöfnun:

1. Upplýsingasöfnun og niðurstöður samkvæmt stöðluðu eyðublaði fyrir viðkomandi sérfræðing (sérstakt eyðublað fyrir sérfræðing á hverju fagsviði). Í niðurstöðum skal m.a. eftirfarandi koma fram:
 - a. Samantekt
 - b. Styrkleikar á vinnumarkaði
 - c. Hindranir á vinnumarkaði
 - d. Tillögur um markmið til skemmri og lengri tíma
 - e. Áætlun um endurkomu á vinnumarkað
2. Staðlað mat á færni sem unnið er út frá ICF kerfinu. Taka þarf afstöðu til allra færnipátta í Sérhæfðu mati – sjá eyðublað um ICF þætti í sérhæfðu mati

Matstjóri tekur síðan saman allar niðurstöður sérfræðinga og setur saman í greinargerð sem inniheldur m.a. eftirfarandi þætti (sjá einnig eyðublað Greinargerð Sérhæfðs mats í viðauka 14):

1. Tillögur að markmiðum og tegund úrræða til skemmri og lengri tíma – rökstuddar með tilvísun í mat mismunandi sérfræðinga

2. Áætlun um endurkomu til vinnu – sett fram í markvissum skrefum og rökstudd með tilvísun í mat mismunandi sérfræðinga.

Nánari upplýsingar um sérhæft mat er að finna í kafla 5 og í viðaukum 7-9.

3.3 Endurmat

Endurmat er að jafnaði framkvæmt af sama matsteymi og kom að sérhæfðu mati.

Endurmat getur átt sér stað eftir að endurhæfingaráætlun í sérhæfðu mati er lokið. Þá er farið í gegnum árangur áætlunarinnar og m.a. skoðuð stigagjöf sem byggir á niðurstöðum skýrivísa. Ef sú stigagjöf sýnir að árangur hafi náðst þá eru þær upplýsingar nýttar við gerð áframhaldandi endurhæfingaráætlunar. Ef hins vegar kemur í ljós að endurhæfing hefur ekki skilað árangri og heilsubrestur hefur veruleg áhrif á starfsgetu einstaklings þá þarf að taka ákvörðun um hvernig framfærslu er háttað á móti þeirri skerðingu sem er til staðar í starfsgetu viðkomandi. Nánari umfjöllun um endurmat er að finna í kafla 6 hér á eftir.

4 Grunnmat

Grunnmat er lykilþáttur starfsgetumats. Með því að vinna grunnmat er dregin upp heildræn mynd af stöðu einstaklingsins þar sem lögð er áhersla á hvatningu sem miðar að því að gera einstaklinginn eins virkan í sínu umhverfi eins og hægt er. Með því að koma snemma að málum er tryggt að brugðist er við þörfum einstaklingsins strax á fyrstu stigum og sett upp virkniáætlun í takt við þarfir hvers og eins. Unnið er markvisst með þá þætti sem bætt geta starfshæfni einstaklingsins og þar með möguleika hans á að komast aftur til vinnu. Einnig er markvisst unnið með þá styrkleika sem einstaklingurinn hefur og hann hvattur áfram með þeim hætti. Þannig er brugðist við með snemmtækri íhlutun og með því mögulega komið í veg fyrir að einstaklingurinn þurfi sérhæfðari þjónustu og/eða hverfi af vinnumarkaði.

Um leið og grunnmat er unnið skapast vettvangur fyrir ráðgjafa að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur og laða hann til virkrar þátttöku í mats- og starfsendurhæfingarferlinu. Rödd einstaklingsins fær að hljóma, hann er hvattur til að taka ábyrgð á lífi sínu og aðstæðum. Þá gefst tækifæri fyrir ráðgjafa og einstakling að mynda tengsl og byggja upp traust til framtíðar en samband framangreindra er ein forsenda þess að starfsendurhæfing nái að bera árangur. Á þessu fyrsta stigi starfsgetumatsins gefast einnig tækifæri til að bregðast við stöðu einstaklingsins með því að beina honum í skammtímaúrræði er mætt geta þörfum hans. Upplýsingar um þátttöku/niðurstöður slíkra úrræða veita einnig mikilvægar upplýsingar inn í starfsgetumatið.

Ráðgjafinn stýrir ferlinu í grunnmati, upplýsingaöfluninni og samtalinu. Hann beinir ætíð sjónum sínum að hæfileikum einstaklingsins sem og færni í stað þess að nema staðar við það sem á skortir. Hann hjálpar einstaklingnum um leið að sjá sjálfan sig og stöðu sína með sömu gleraugum. Ráðgjafinn er hinsvegar ekki meðferðaraðili á nokkurn hátt, hans hlutverk verður alltaf að einskorðast við þá upplýsingaöflun sem sett er upp í verkfærum og verkferlum grunnmats ásamt því að halda utan um þá þræði og leiðir sem einstaklingurinn kann að fara í sínu ferli.

Aðferðarfræðin byggir á ferli þar sem ráðgjafi, í samstarfi við einstaklinginn, dregur fram og skýrir hvaða færni viðkomandi hefur sem nýtist á vinnumarkaði. Þessi skýring er forsenda þess að hægt sé að meta hvort einstaklingurinn hafi möguleika á að taka þátt á vinnumarkaði eða hvort það sé mögulegt að hefja feril til að bæta og þróa færni einstaklingsins með það að markmiði að hann geti að hluta eða öllu leyti séð fyrir sér með vinnu.

4.1 Verkfæri í Grunnmati og notkun þeirra

4.1.1 Grunnupplýsingar

Hér er um að ræða upplýsingar er horfa til félagslegrar stöðu menntunar og vinnusögu er þykja mikilvægar á þessum tímapunkti.

Markmiðið með *Grunnupplýsingum* er að átta sig á félagslegri stöðu einstaklingsins sem og hans helstu styrkleikum er varða menntun og starfsreynslu. Í viðauka 1 er spurningalisti sem endurspeglar þær upplýsingar sem þurfa að koma fram í grunnupplýsingum.

4.1.2 Heilsufarsleg Skimun

Hér er horft markvisst til heilsufarslegra þátta og hvort bregðast þurfi við með einhverjum hætti áður en áframhaldandi vinna með einstaklingnum telst tímabær með tilliti til árangurs. Inn í *Skimun* eru byggð viðvörðunarkerki, svo kölluð „rauð flögg“, sem eru leiðbeinandi varðandi hvar bregðast skuli við með nánari athugun annars vegar og virkniaukandi aðgerðum hins vegar. Auk þess eru þekktir

áhættuþættir er snúa að því að fara ekki aftur út á vinnumarkaðinn í heilsufarslegri skimun. Markmiðið með *Skimun* er að draga fram þá þætti sem mögulega krefjast inngrips sérfræðinga strax. Upplýsingar um innihald Skimunar er að finna í viðauka 2.

4.1.3 Samtalsrammi, mat og leiðir í grunnmati

Við gerð *Grunnmats* notar fagaðili samtalsramma sem samtal hans og einstaklingsins mun byggja á. Samtalsramminn er mótaður með tilliti til þeirra markmiða er samskipti fagaðila og einstaklings eiga að ná fram. *Samtalsramminn* þjónar margskonar tilgangi í *Starfsgetumati*. Í honum kemst sjónarhorn einstaklingsins að, hann fær tækifæri til að segja sjálfur frá sínum aðstæðum og upplifunum. Markmiðið með *samtalsrammanum* er að fá fram heildstæða mynd af hógum einstaklings með tilliti til starfshæfni og virkni á vinnumarkaði. Brýnt er að upplýsingarnar séu skráðar inn í samtalsrammann á sem hlutlægastan hátt til að tryggja að *Grunnmatið*, sem unnið er á grundvelli upplýsinganna, sé eins nákvæmt og kostur er.

Höfuðmarkmiðið er að veita aðstoð til sjálfshjálpar að því leyti sem það er mögulegt. Þegar *samtalsramminn* er unninn þarf að fara ítarlega í eftirfarandi yfirþætti:

1. Viðhorf og tengsl við vinnumarkað
2. Að tileinka sér nýja færni og þekkingu
3. Áhugamál
4. Félagsleg færni – persónuleg hæfni
5. Félagslegar og fjárhagslegar aðstæður
6. Heilsufar

Innan hvers yfirþátta eru *gátlistar* sem er hugsaður til leiðbeiningar og stuðnings við samtal ráðgjafa og einstaklings með tilliti til hvaða upplýsingum skuli sérstaklega leita eftir.

Töflur/sérstakar spurningar innan hvers yfirþátta eru hugsaðar til að ná markvisst fram sjónarhorni einstaklingsins á stöðu sinni. Þeir þættir sem settir eru fram í *Töflunum* eru m.a. unnir út frá færniþáttum sem koma úr ICF kerfinu (International Classification of Function). Í viðauka 4 eru nánari upplýsingar um þessa þætti ásamt gátlistum og töflum með ICF færniþáttum.

Sem dæmi um mælitæki sem nota má til að dýpka skilning á einstaklingnum í hverjum lið og þar með hvaða íhlutun er við hæfi má hér nefna:

1. **Viðhorf og tengsl við vinnumarkað:** Vinnutengd úrræði og niðurstöður er varða mætingu og áhugahvöt, formlegt samtal um endurkomu til vinnu (ETV samtal), SASSAM, WRI, AWP, AWC, MÁV, Norræni spurningalistinn um sálfélagslega þætti í vinnu
2. **Að tileinka sér nýja færni og þekkingu:** SASSAM, lesblindugreining, ADHD greining, 15 atriða minnispróf, D2 athygli/einbeitingarpróf, valin undirpróf WAIS-III
3. **Áhugamál:** Áhugasviðsgreining
4. **Félagsleg færni:** ASEBA, PAI, BPI, MMPI
5. **Félagslegar og fjárhagslegar aðstæður:** ASEBA og heilsutengd lífsgæði (t.d. SF-36), PAI, BPI
6. **Heilsufar:** Becks, ASEBA, SASSAM og heilsutengd lífsgæði (SF-36), BAI, BDI, DASS, S-36, PAI, BPI

Hér er ekki um tæmandi lista að ræða

4.1.4 Mat á möguleikum

Hér er sjónum sérstaklega beint að einstaklingnum og hann spurður markvisst út í hvaða lausnir hann telur nauðsynlegar til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Markmiðið með að leggja fyrir *Mat á möguleikum* er tvennskona. Annarsvegar er það að ráðgjafi fær yfirsýn yfir hvað einstaklingur telji að þurfi að gera fyrir hann til að bæta vinnugetu/starfsgetu hans. Hinsvegar er markmiðið með *Mat á möguleikum* að einstaklingurinn nái yfirsýn yfir sitt vandamál sem og sinni ábyrgð þegar kemur að því að takast á við vandamálið. Í viðauka 3 er eyðublað sem unnt er að nota í þessum tilgangi.

4.1.5 Áætlun um endurkomu til vinnu

Á sama tíma og unnið er *Grunnmat* eru markmið sett með einstaklingnum er lúta að því að auka hans virkni og þátttöku til vinnu. Þessi markmið eru sett inn í *Virkniáætlun* einstaklingsins sem er á sama tíma áætlun hans um endurkomu til vinnu og er í samfelldri þróun meðan samstarf einstaklings og ráðgjafa stendur. Hér getur verið um að ræða bæði skammtíma- og langtímamarkmið. Rauði þráðurinn í þessari áætlun er að setja upp raunsæ markmið með virkri þátttöku einstaklingsins er varða leið hans aftur út á vinnumarkaðinn. Í viðauka 5 er dæmi um uppbyggingu á helstu þáttum virkniáætlunar. Einnig getur formlegt samtal um endurkomu til vinnu gagnast vel sem verkfæri til að tryggja árangursríka endurkomu einstaklings til vinnu. Það samtal getur bæði átt sér stað milli ráðgjafa og einstaklings og milli einstaklings og yfirmanns á vinnustað. Dæmi um slíkt samtalsform er að finna á heimasíðu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs (www.virk.is).


4.2 Niðurstaða grunnmats

Þó markmiðið með *Grunnmati* sé að fá fram heildstæða mynd á stöðu og líðan einstaklingsins, þá er ætlunin ekki sú að alltaf sé farið ítarlega í gegnum alla þætti, heldur sé það einstaklingsbundið. Það er ráðgjafa að vega og meta eftir þeim upplýsingum sem liggja fyrir um einstaklinginn. Þá er gert ráð fyrir að listaðir séu upp helstu styrkleikar og hindranir einstaklingsins og markmið og leiðir að þeim sett við hvern þátt.

Niðurstöður *Grunnmats* byggja á:

- Gögnum sem fylgja einstaklingnum inni kerfið
- Grunnupplýsingum sem aflað er eftir fyrirfram ákveðinni aðferð og hefur verið lýst hér að framan
- Upplýsingum um árangur virkniaukandi aðgerða þegar þær hafa átt sér stað

Starf ráðgjafa í *Grunnmati* þarf að vera í samræmi við eftirfarandi feril:



Í gegnum allan ferilinn skal eiga sér stað góð skráning og vistun á upplýsingum. Það er mikilvægt að halda þessum þremur þáttum í ferlinu aðskildum – þ.e. greining og mat getur t.d. ekki hafist fyrr en

lýsing á aðstæðum viðkomandi er orðin fullnægjandi og áætlun um endurhæfingu hefst ekki fyrir en greining hefur átt sér stað.

Niðurstöður *Grunnmats* er því samantekt ofangreindrar gagnaöflunar og er nauðsynleg til að fá heildarmynd af stöðu einstaklings m.t.t. styrkleika og hindrana á vinnumarkaði og hvert stefna beri í starfsendurhæfingu. Niðurstöðurnar nýtast einnig til samskipta við heilsugæslu, Tryggingastofnun og við undirbúning *Sérhæfðs mats*. Dæmi um uppbyggingu á skýrsluformi með niðurstöðum grunnmats er að finna í viðauka 6.

5 Sérhæft mat

Sérhæft mat felur í sér nánari greiningu og mat utanaðkomandi sérfræðinga á stöðu einstaklingsins. Í *Sérhæfðu mati* eru möguleikar einstaklingsins á starfsendurhæfingu metnir á staðlaðri og sértækari hátt en í *Grunnmatinu*. Á grundvelli *Sérhæfðs mats* er tekin ákvörðun um hvort, og þá hvernig, megi efla starfshæfni m.a. með tengingu við vinnumarkaðinn. Niðurstaða matsins segir til um möguleika á starfsendurhæfingu einstaklings og tillögur að úrræðum í samræmi við það. Sérhæft mat getur verið mat eins eða tveggja sérfræðinga en einnig getur verið um þverfaglegt mat að ræða þar sem fjölbreyttur hópur sérfræðinga kemur að.

Markmiðið með *Sérhæfðu mati* er að fá mat utanaðkomandi sérfræðinga á starfsgetu og starfsendurhæfingarmöguleika einstaklingsins svo unnt sé á markvissan hátt að vinna með honum að árangursríkri starfsendurhæfingaráætlun. Markmiðið í upphafi er því að kanna og greina betur möguleika einstaklings til aukinnar starfshæfni og endurkomu til vinnu.

5.1 Hvenær þarf Sérhæft mat að eiga sér stað?

Ákvörðun um *Sérhæft mat* er tekin af fagaðila og viðkomandi einstaklingi í sameiningu. Miða skal við að a.m.k. eitt eftirfarandi skilyrði sé uppfyllt:

- Vandamál einstaklings eru það flókin að ráðgjafi/fagaðili getur ekki fundið leiðir og lausnir út frá þeim verkfærum og þeirri þekkingu og færni sem er til staðar.
- Virkniáætlun einstaklings og/eða úrræði hafa ekki skilað árangri og liðnir eru 6 mánuðir frá því að *Grunnmat* hófst.

Áður en einstaklingur fer í *Sérhæft mat* þá skal honum gert grein fyrir markmiðum, innihaldi og ferli þess og hann þarf að undirrita sérstakt upplýsingablað um *Sérhæft mat* til samþykktar. Ráðgjafi setur sig í framhaldinu í samband við meðhöndlandi lækni og lætur vita af því ferli sem er að fara af stað. Fagaðili þarf jafnframt að tryggja að fyrir liggi niðurstöður *Grunnmats* um viðkomandi einstakling.

5.2 Hver framkvæmir sérhæft mat?

Sérhæft mat er framkvæmt af óháðum utanaðkomandi sérfræðingum. *Sérhæft mat* getur verið af tvennum toga:

- Mat einstakra valinna sérfræðinga (eins eða fleiri) sem kallaðir eru til samkvæmt metinni þörf einstaklinga. Þetta á við þegar ljóst er að vandamál einstaklings liggja á sviði tiltekinna sérfræðinga.
- Þverfaglegt mat þar sem t.d. lækni, sjúkraþjálfari, sálfræðingur, iðjupjálfari, félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi meta stöðu og möguleika einstaklings. Þverfaglegt mat skal eiga sér stað ef sýnt þykir að aðrar leiðir séu ekki færar við mat á stöðu og möguleikum viðkomandi einstaklings.

5.3 Innihald sérhæfðs mats

Sérfræðingar í Sérhæfðu mati munu fá frá viðkomandi fagaðila viðeigandi upplýsingar úr *Grunnmati*.

Hver og einn sérfræðingur í *Sérhæfðu mati* hittir viðkomandi einstakling og fer í gegnum eftirfarandi eyðublað, mat og upplýsingasöfnun:

1. **Upplýsingasöfnun og niðurstöður samkvæmt stöðluðu eyðublaði fyrir viðkomandi sérfræðing** (sérstakt eyðublað fyrir sérfræðing á hverju fagsviði). Í niðurstöðum skal m.a. eftirfarandi koma fram:
 - a. Samantekt
 - b. Styrkleikar á vinnumarkaði
 - c. Veikleikar á vinnumarkaði
 - d. Tillögur um markmið til skemmri og lengri tíma
 - e. Áætlun um endurkomu til vinnu
2. **Staðlað mat á færni sem unnið er út frá ICF kerfinu.** Taka þarf afstöðu til allra færniþátta í *Sérhæfðu mati* – sjá upplýsingar í viðaukum 7-9.

Svokallaður matstjóri (sem heldur utan um matið) tekur síðan saman allar niðurstöður sérfræðinga og setur saman í greinargerð sem inniheldur m.a. eftirfarandi þætti (sjá einnig eyðublað *Greinargerð Sérhæfðs mats* í viðauka 15)

- Tillögur að markmiðum og tegund úrræða til skemmri og lengri tíma – rökstuddar með tilvísun í mat mismunandi sérfræðinga
- Áætlun um endurkomu til vinnu – rökstudd með tilvísun í mat mismunandi sérfræðinga.

Það er mikilvægt að ferill í sérhæfðu mati sér skýr þannig að framkvæmdin, skráningin og upplýsingasöfnunin sé eins samræmd og fagleg og mögulegt er. Í köflunum hér á eftir er í stuttu máli lýst mikilvægum þáttum framkvæmdarinnar s.s. niðurstöðum og fundum og í viðaukum 7-16 er að finna lýsingar á verkfærum, greinargerðum og hlutverkum í sérhæfðu mati. Í viðauka 16 er síðan að finna lýsingu á ferli sérhæfðs mats eins og það er byggt upp hjá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði. Önnur ferli eru líka möguleg en þetta er sett hér fram til upplýsingar.

5.4 Niðurstöður og skil á sérhæfðu mati

Matsstjóri skilar eftirfarandi eyðublaðum og greinargerðum til þess ráðgjafa sem heldur utan um starfsendurhæfinguna (t.d. ráðgjafi):

- Upplýsingasöfnun og niðurstöður allra sérfræðinga samkvæmt eyðublaði
- ICF mat allra sérfræðinga samkvæmt eyðublaði

- Greinargerð matsstjóra samkvæmt eyðublaði

Þegar þessi gögn liggja fyrir þá á sér stað skilafundur *Sérhæfðs mats* þar sem viðkomandi ráðgjafi, einstaklingur, matsstjóri og eftir aðstæðum aðrir sérfræðingar fara yfir niðurstöður matsins. Í framhaldi af þessum fundi er gerð ítarlega endurhæfingaráætlun með hliðsjón af niðurstöðum úr *Sérhæfðu mati* og þeim tillögum sem þar eru settar fram.

5.5 Skilafundur um sérhæft mat

Markmið skilafundar er að kynna niðurstöður sérhæfðs matsteymis og tillögur sem liggja fyrir að starfsendurhæfingu einstaklingsins. Í kjölfarið er rætt um nánari útfærslur á þessum tillögum sem einstaklingur getur sætt sig við og telur raunhæfar. Það er mikilvægt að undirbúa fundinn vel þannig að markmið hans náist. Fyrir fundinn hittir ráðgjafi sérfræðing matsteymis og fer yfir þær tillögur sem fyrir liggja.

Ráðgjafi boðar til fundarins, hann undirbýr hann, heldur utan um upplýsingarnar sem þar koma fram, gerir samantekt og skráir niðurstöður fundarins. Í kjölfar fundar gerir ráðgjafi þátttökusamning við einstakling þar sem fram kemur sú útfærsla á starfsendurhæfingaráætlun sem samþykkt var á skilafundinum.

Ráðgjafi stýrir fundinum með það að leiðarljósi að sjónarmið allra þátttakenda fái að koma fram og að niðurstaða um starfsendurhæfingu liggi fyrir í lok fundar.

Sérfræðingur/sérfræðingar matsteymis kynna niðurstöður úr sérhæfðu mati og rökstyðja jafnframt þær tillögur sem settar eru fram í kjölfarið.

Aðrir meðferðaraðilar ættu einnig að vera boðaðir á fundinn og má hér nefna heimilislækni viðkomandi eða annan meðferðaraðila sem gegnir lykilhlutverki í endurhæfingaráætlun einstaklingsins.

5.6 Framkvæmd sérhæfðs mats

Skilgreind skýrsluform eru til fyrir sérfræðing á hverju fagsviði þar sem fram kemur hvaða upplýsingaöflun þarf að eiga sér stað. Þessi skýrsluform er að finna í viðauka 10-14.

Auk þessa þurfa sérfræðingar að taka afstöðu til ICF færniþátta sem hafa verið skilgreindir fyrir hvern og einn. Mat á ICF færniþáttum er út frá þeirri skoðun og greiningu sem sérfræðingarnir hafa farið í gegnum ásamt þeim mælitækjum sem hafa verið nýtt í matinu. Auk þess geta sérfræðingar í sérhæfðu mati bætt við ICF þáttum sem þeir telja mikilvæga í viðkomandi mati.

5.6.1 ICF þættir í sérhæfðu mati

Um er að ræða neðangreinda ICF þætti sem sérfræðingar eru beðnir um að taka afstöðu til með eftirtaldar forsendur í huga:

- Meta skal út frá almennum störfum á vinnumarkaði
- Meta skal út frá líðan einstaklings í dag
- Meta skal með öllum þeim hjálpartækjum sem einstaklingur notar dagsdaglega (meðtalið eru lyf)

ICF þættirnir:

b130	Orka og hvatir
b134	Svefn
b140	Athygli
b152	Tilfinningalíf
b164	Æðri hugræn starfsemi
b280	Sársaukaskyn (upplifun sársauka - verkur)
b455	Áreynsluþol
b710	Hreyfanleiki í liðum
b730	Vöðvastyrkur
d110	Horfa
d115	Hlusta
d155	Ávinna sér færni
d177	Taka ákvarðanir
d220	Inna af hendi margþætt viðfangsefni
d240	Takast á við streitu og annað andlegt álag
d399	Tjáskipti, ótilgreind
d410	Breyta grunnlíkamsstöðu
d415	Vera í líkamsstöðu
d430	Lyfta og bera hluti
d440	Fínhyrning handa
d445	Nota hendur og handlegg
d450	Ganga
d470	Nota farartæki
d570	Hugsa um eigin heilsu
d720	Flókin samskipti
d760	Fjölskyldutengsl
d820	Skólaganga
d850	Launuð störf
d870	Efnahagslegt sjálfstæði
d920	Afþreying og tómstundaiðja
e310	Nánasta fjölskylda
e460	Viðhorf samfélags
e580	Heilbrigðismál, þjónusta, kerfi og stefnur

Í ICF þáttum b og d skal meta hvort færniskerðing eða þátttökuhindrun sé til staðar og notast við eftirfarandi viðmið:

- 0 - Engin
- 1 - Lítil
- 2 - Nokkur
- 3 - Mikil
- 4 - Algjör

Við mat á umhverfispáttum skal meta þegar við á hvort þeir styðji við einstaklinginn eða séu hindrandi þáttur og notast við eftirfarandi viðmið:

- +4 umhverfispáttur er mjög styðjandi
- 0 hlutlaus, hefur hvorki styðjandi áhrif né er hindrun.
- 4 umhverfispátturinn er mikil hindrun

Sjá nánari upplýsingar í viðaukum 7 og 8.

5.6.2 Skýrivísar og notkun þeirra í sérhæfðu mati

Gert er ráð fyrir að sérfræðingar taki afstöðu til ICF þátta með notkun skýrivísa. Þessi viðmið hafa verið skilgreind nánar og þróaðir í samvinnu við þá sérfræðinga sem koma að sérhæfðu mati. Nánari lýsingu á skýrivísunum í sérhæfðu mati er að finna í viðauka 9.

6 Endurmat

Endurmat er að jafnaði framkvæmt af sama matsteymi og kom að sérhæfðu mati.

Endurmat getur átt sér stað eftir að endurhæfingaráætlun í sérhæfðu mati er lokið. Þá er farið í gegnum árangur áætlunarinnar og m.a. skoðuð stigagjöf sem byggir á niðurstöðum skýrivísa. Ef sú stigagjöf sýnir að árangur hafi náðst þá eru þær upplýsingar nýttar við gerð áframhaldandi endurhæfingaráætlunar. Ef hins vegar kemur í ljós að endurhæfing hefur ekki skilað árangri þá þarf að taka ákvörðun um hvernig framfærslu er háttað á móti þeirri skerðingu sem er til staðar í starfsgetu viðkomandi.

Ekki er talið raunhæft að endurmat eigi sér að jafnaði stað innan skemmri tíma en 3 mánaða frá því að sérhæft mat var framkvæmt þar sem það tekur alltaf einhvern tíma að byggja upp og vinna úr endurhæfingaráætlun í kjölfar sérhæfðs mats. Hér geta þó alltaf komið til undantekningar s.s. vegna skyndilegra breyttra aðstæðna hjá einstaklingi.

Þessi þáttur matsins og þá sérstaklega tengingu hans við ákvörðun framfærslu fyrir einstaklinga þarf að útfæra betur í samvinnu við þá aðila sem bera ábyrgð á þessum framfærslugreiðslum.

7 Viðauki 1: Grunnupplýsingar

Nafn:	
Kennitala:	
Heimilisfang:	
Vinnusími:	
GSM:	
E-mail:	
Dagsetning:	
Ráðgjafi:	
Stéttarfélag/lífeyrissjóður:	

Tilvísunaraðili

☐	Stéttarfélagið
☐	Á eigin vegum
☐	Heimilislæknir
☐	Meðhöndlandi læknir, annar er heimilislæknir
☐	Meðferðaraðili, annar er læknir
☐	Félagsþjónustan
☐	Starfsmenn TR
☐	Yfirmaður/ starfsmannastjóri
☐	Trúnaðarmaður / samstarfsmenn
☐	Trúnaðarlæknir vinnustaðarins
☐	Lífeyrissjóður / Trúnaðarlæknir lífeyrissjóðsins
☐	Annar, hver? _____

1. Hver er staða þín á vinnumarkaði? Ég er;

☐	Er í vinnu	Starfshlutfall? _____
☐	Atvinnuleitandi	
☐	Engin þátttaka á vinnumarkaði vegna heilsubreysts	
☐	Er í námi	
☐	Heimavinnandi / sjálfboðastörf	

2. Hvert er þitt núverandi starf/störf eða síðasta launaða vinna?

--

3. Hver er núverandi vinnuveitandi/var síðasti vinnuveitandi?

--

4. Hvernig er framfærslu þinni háttað?

☐	Laun á vinnumarkaði
☐	Atvinnuleysisbætur
☐	Námslán
☐	Sjúkra-/ slysadagpeningar
☐	Endurhæfingarlífeyri
☐	Örorkulífeyrir frá TR
☐	Örorkulífeyrir /Lífeyrissjóður
☐	Fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagi
☐	Engar tekjur - en í framfærsluþörf
☐	Annað? _____
☐	Örorkustyrkur (ath. Þarf að haka við þetta í S-5 kerfinu)

5. Ef örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði (skráð á framfærsluspjald í s- 5 kerfinu)

Þá hvaða lífeyrissjóði ? _____

6. Ríkisfang?

Íslenskt ☐	Erlent ☐	Ef erlent þá hvaðan? _____
Hve lengi hefur þú búið á Íslandi? _____		

7. Hver er hjúskaparstaða þín núna?

Einhleyp/ur ☐	Í hjónabandi ☐	Í sambúð ☐	Ekkja/ekkill ☐	Fráskilin/n ☐
--------------------------------------	---------------------------------------	-----------------------------------	---------------------------------------	--------------------------------------

8. Hversu mörg börn áttu?

Ekkert ☐	Eitt barn ☐	Tvö börn ☐	Þrjú börn eða fleiri ☐
---------------------------------	------------------------------------	-----------------------------------	---

9. Hve mörg börn eru á þínu framfæri?

Ekkert ☐	Eitt barn ☐	Tvö börn ☐	Þrjú börn eða fleiri ☐
Fæðingarár barna? _____			

10. Hvernig er búsetu þinni háttað?

Bý ein/n ☐	Bý með maka ☐	Bý með börnum ☐	Bý með maka og börnum ☐	Bý með öðrum ☐
-----------------------------------	--------------------------------------	--	--	---------------------------------------

11. Ég bý í:

☐	Eigin húsnæði
☐	Leiguhúsnæði
☐	Herbergi á leigumarkaði
☐	Býr hjá foreldrum
☐	Dvelur hjá ættingjum, vinum eða vandamönnum
☐	Húsnæðislaus
☐	Félagsleg leiguíbúð
☐	Leiguhúsnæði félagssamtaka

☐	Námsgarður/heimavist
☐	Á stofnun
☐	Annað? _____

12. Hvaða námi hefur þú lokið?

☐	Skyldunám eða minna
☐	Réttindanámskeið (t.d meirapróf)
☐	Framhaldsskóli - Stúdentspróf
☐	Iðnskóli eða annar skóli til réttindanáms - hvaða nám? _____
☐	Háskóli - hvaða nám? _____
☐	Annað? _____

13. Nýtur þú utanaðkomandi aðstoðar (stoðþjónustu)? Færð þú:

☐	Ég nýt ekki utanaðkomandi aðstoðar
☐	Heimilishjálp
☐	Heimahjúkrun
☐	Dagvistun
☐	Ferðaðþjónustu
☐	Liðveislu
☐	Annarrar þjónustu? _____ Hvaða: _____

14. Hvaða þættir telur þú að komi í veg fyrir að vera í eða fara aftur í vinnu?

--

15. Ertu í reglubundnu sambandi við lækni/meðferðaraðila/stuðningsaðila?

Já ☐	Nei ☐
-----------------------------	------------------------------

16. Ef já, þá hvaða aðila og hversu oft?

Hversu oft? _____

Samantekt vinnu, náms- og félagssaga:

8 Viðauki 2: Heilsufarsleg skimun

1a. Hvenær fórstu að eiga í erfiðleikum með að sinna starfinu þínu/óvinnufær?

Dags: _____

1b. Hvenær varðst þú óvinnufær?

Dags: _____

2. Miðað við aðstæður þínar í dag, hvenær býstu við að verða vinnufær í sama starfshlutfall og þú varst í/ná aftur heilsu?

Dags: _____ eða eftir hvað margar vikur _____ eða mánuði _____ eða ár _____

Veit ekki ☐

Á ekki við ☐

3. Hefur þú verið í sambandi við vinnustaðinn/yfirmann þinn í veikindum/fjarveru þinni?

Já ☐

Nei ☐

Á ekki við ☐

4. Ef já, þá hversu oft?

5. Hefur þú rætt veikindi/erfiðleika þína við yfirmann þinn?

Já ☐

Nei ☐

Á ekki við ☐

6. Hefur eitthvað verið gert af hálfu vinnustaðarins í veikindum/erfiðleikum þínum til að hjálpa þér við að vera í núverandi starfi eða örðu starfi á þínum vinnustað/koma aftur til vinnu?

Já ☐

☐ Nei

Á e ☐ i við

7. Ef já, hvað?

8. Ef nei, hefði verið hægt að gera eitthvað? Hvað?

9. Telurðu að núverandi atvinnurekandi vilji nýta þína starfskrafta áfram?

Já ☐

Nei ☐

Veit ekki ☐

Á ekki við ☐

10. Má rekja núverandi erfiðleika/óvinnufærni til :

Slyss ☐ Atvinnutengds sjúkdóms ☐ Annars sjúkdóms ☐ Áfalls ☐ Annað ☐

11. Ef slys, þá hvers konar slys?

Vinnuslys ☐ Umferðaslys ☐ Frístundaslys ☐

12a. Ef sjúkdómur, þá hvaða sjúkdómsflokkur?

- ☐ Smitsjúkdómar
- ☐ Æxli
- ☐ Innkirtla, næringar- og efnaskiptasjúkdómar
- ☐ Geðræn vandamál
- ☐ Taugasjúkdómar
- ☐ Hjarta / æðasjúkdómar
- ☐ Lungna og öndunarfærasjúkdómar
- ☐ Meltingarfærasjúkdómar
- ☐ Stoðkerfisvandamál
- ☐ Óflokkað

12b. Ef sjúkdómur, þá hvaða sjúkdómur í þessum flokki?

13. Telurðu að þú þurfir meiri stuðning/aðstoð?

Já ☐ Nei ☐ Veit ekki ☐

14. Ef já þá hvers konar aðstoð gætirðu nýtt þér?

15. Finnst þér þú stunda næga hreyfingu?

Já ☐ Nei ☐ Veit ekki ☐

Hvað hreyfir þú þig oft í viku í a.m.k. 30 mínútur í senn? ____ skipti

Hvað gerir þú þá? Geng ☐ Syndi ☐ Skokka ☐ Hjóla ☐ Hópiþróttir ☐ Tækjasalur ☐ Annað ☐

16. Hafa líkamlegir verkir gert þér erfitt fyrir nú/áður í vinnu/við daglegar athafnir?

Já, mjög erfitt ☐ Já, talsvert erfitt ☐ Já, nokkuð erfitt ☐ Nei, lítið ☐ Alls ekki ☐

17. Finnst/fannst þér starfið sem þú varst í líkamlega erfitt?

Já ☐ Nei ☐

18. Ef já þá hvað var/er erfitt við starfið

☐	Að framkvæma nákvæmar hreyfingar með höndunum
☐	Að framkvæma sömu hreyfingar oft á mínútu
☐	Að vinna með handleggina beint fram eða upp
☐	Að þurfa að lyfta þungu
☐	Að þurfa að vera lengi í sömu vinnustellingunni
☐	Fannst það líkamlega erfitt
☐	Mikið labb
☐	Mikil kyrrseta
☐	Langvarandi stöður
☐	Það að krjúpa eða bogra
	Annað? _____

19. Finnst/fannst þér starfið sem þú ert/varst í andlega erfitt?

Já ☐	Nei ☐
-----------------------------	------------------------------

20. Ef já, þá hvað var erfitt við starfið?

☐	Að eiga samvinnu við vinnufélaga um verkefni
☐	Að hafa getu til að hugsa í nýjum brautum
☐	Að þurfa að vera í beinu sambandi við skjólstæðinga, viðskiptavini eða nemendur
☐	Of mikið álag
☐	Of mörg verkefni
☐	Það að halda athygli og einbeitingu
☐	Það að takast á við tilfinningar
☐	Það að þurfa að leggja hlutina á minnið
	Annað? _____

21. Hefur/hafði andleg streita áhrif á starfshæfni/vinnugetu þína?

Já ☐	Nei ☐	Veit ekki ☐
-----------------------------	------------------------------	------------------------------------

22. Hefur/hafði depurð eða kvíði áhrif á starfshæfni/vinnugetu þína?

Já ☐	Nei ☐	Veit ekki ☐
-----------------------------	------------------------------	------------------------------------

23. Hafa veikindi þín haft áhrif á fjárhaginn?

Já ☐	Nei ☐	Á ekki við ☐
-----------------------------	------------------------------	-------------------------------------

24. Þurfa fjármálin endurskoðun?

Já ☐	Nei ☐	Veit ekki ☐
-----------------------------	------------------------------	------------------------------------

25. Telurðu að sí-/endurmenntun gæti nýst þér til að styrkja þig í starfi/á vinnumarkaði?

Já ☐

 Nei ☐

26. Ef já, þá á hvaða sviði myndirðu vilja byggja upp færni þína?

27. Hefurðu upplifað einhverjar hindranir í námi?

 Já ☐

 Nei ☐

28. Ef já þá hvaða hindranir?

29. Hvernig finnst þér heilsa þín vera þegar á heildina er litið?

 Mjög góð ☐

 Góð ☐

 Sæmileg ☐

 Slæm ☐

 Mjög slæm ☐

30. Hefurðu fengið alvarlegt höfuðhögg þar sem þú upplifðir meðvitundarleysi eða önnur tímabundin einkenni frá taugakerfi eins og lömun, mikla minnisskerðingu eða rugl, strax eftir höggið?

 Já ☐

 Nei ☐

31. Áttu við vandamál að stríða varðandi svefn?

 Já ☐

 Nei ☐

Ef já þá hvað oft? ____ í viku eða ____ í mánuði

32. Ef já, hafa svefnvandamál áhrif á dagleg störf?

 Já ☐

 Nei ☐

 Stundum ☐

33. Kvíðir þú því að veikindin versni við að fara (aftur) að vinna?

 Já ☐

 Nei ☐

 Veit ekki ☐

 Á ekki við ☐
Samantekt/ helstu verkefni:

9 Viðauki 3: Mat á möguleikum

Mat einstaklings á möguleikum

Nafn:

Dagsetning:

Hvert stefni ég á vinnumarkaði?

Við hvaða þætti þarf ég að fá aðstoð til að komast þangað?

Hvað þarf ég sjálf/sjálfur að gera til að komast þangað?

Ég get farið í vinnu eftir:

- ☐ 0 – 3 mánuði
- ☐ 4 – 6 mánuði
- ☐ 7 – 12 mánuði
- ☐ Veit ekki

10 Viðauki 4: Samtal og greining á mikilvægum þáttum

1 Viðhorf og tengsl við vinnumarkað

Hvernig metur þú stöðu þína á vinnumarkaði?

Leita skal eftir eftirfarandi upplýsingum

- 1. Hverjir eru styrkleikar þínir og veikleikar m.t.t. stöðu þinnar á vinnumarkaði
- 2. Áhugaverðasta starfið og hvað gerði það áhugavert
- 3. Samskipti við yfirmenn
- 4. Hversu mörgum vinnustöðum hefur þú unnið á síðastliðin fimm ár
